

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 64/95  
frá 22. nóvember 1995**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með  
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir  
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.  
59/95 frá 18. júlí 1995<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2268/95 frá 27. september 1995 varðandi aðra  
skrá yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr.  
793/93<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 12e (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93) í XV. kafla II. viðauka  
við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- 395 R 2268: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2268/95 frá 27. september  
1995 (Stjtið. EB nr. L 231, 28. 9. 1995, bls. 18) eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB nr.  
L 237, 6. 10. 1995, bls. 8.“

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 231, 28. 9. 1995, bls. 18.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2268/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Berg

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik M. Sucker